

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, fimmtudaginn 12. nóvember kl. 09:00, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 797. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sólveig Sigurðardóttir, Birkir Ingibjartsson, Ingvar Jón Bates Gíslason, Haukur Hafliði Nínuson, Hildur Gunnarsdóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir, Lilja Grétarsdóttir, Hulda Einarsdóttir, Ólafur Melsted, Hrafnhildur Sverrisdóttir og Björn Ingi Edvardsson.

Ritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

- Hrefnugata 6, Hækkun þaks - endurbyggja** (12.473.03) Mál nr. BN058194
Skjalnr. 14077
geymslu mhl.02
Emil Húni Bjarnason, Hrefnugata 6, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. nóvember 2020 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak, byggja kvisti og stækka með því íbúð 2. hæðar ásamt því að gerð er grein fyrir áður gerðri breytingu á kjallaraíbúð þar sem stofa hefur verið stækkuð útundir svalir 1. hæðar og gerð hurð út á verönd, einnig að rífa geymsluskúr og byggja nýjan vestan við fjölbýlishús á lóð nr. 6 við Hrefnugötu.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa ódagsett, áritað á teikningar.
Stækkun: 99,3 ferm., xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Hrefnugötu 3, 4, 5, 7 og 8 og Kjartansgötu 3, 5 og 7.
Byggingarleyfisumsókn verður grenndarkynnt þegar umsækjandi hefur greitt fyrir grenndarkynninguna, sbr. 8.1. gr. í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.
- Sægarðar 1 og 3, breyting á deiliskipulagi** (01.33) Mál nr. SN200616
Skjalnr. 7284
530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvogi 152, 104 Reykjavík
Lögð fram umsókn Faxaflóahafna sf. dags. 5. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Sundahafnar norðan Vatnagarða vegna lóðannar nr. 1 og 3 við Sægarða. Í breytingunni felst að færa lóðarmörk Sægarða 1 og 3 til suðausturs, stækka lóða Sægarða 3, stækka byggingarreit, hækka hámarkshæð byggingar á lóð Sægarða 1 og færa lagnaleið Veitna, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta ehf. dags. 2. október 2020.
Vísad til meðferðar verkefnastjóra.

3. **Laugavegur 7, (fsp) rekstur veitingastaður í flokki III** (01.171.0) Mál nr. SN200685
Skjalnr. 7858
671005-1710 Basalt ehf., Pósthólf 806, 121 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Basalt ehf. dags. 23. október 2020 um að reka veitingastað og/eða vínbar í flokki III í húsinu á lóð nr. 7 við Laugaveg með opnunartíma til kl. 03:00. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.
4. **Ingólfsstræti 21, (fsp) breyting á deiliskipulagi** Mál nr. SN200687
Skjalnr. 5288
490597-3289 Studio Granda ehf., Smiðjustíg 11b, 101 Reykjavík
450269-3609 Lækur ehf., Bæjarlind 6, 201 Kópavogur
Lögð fram fyrirspurn Studio Granda ehf. dags. 5. nóvember 2020 ásamt bréfi dags. 5. nóvember 2020 um breytingu á deiliskipulagi reits 1.180.2 vegna lóðarinnar nr. 21 við Ingólfsstræti sem felst í að endurgera friðaðan geymsluskúr á baklóð frá árinu 1903 sem er 38,3 m² að grunnfleti og breyta skúrnum í íbúðarhús, reisa nýbyggingu á baklóð í sömu stærð og geymsluskúrinn og samtengja húsin með lægri tengibyggingu á einni hæð, samkvæmt uppdr. Studio Granda ehf. dags. 1. október 2020. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 3. nóvember 2020. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.
Umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. nóvember 2020, samþykkt.
5. **Brekkustígur 3A, (fsp) viðbygging og svalir** (01.134.1) Mál nr. SN200537
Skjalnr. 14332
Arndís Kristjánsdóttir, Brekkustígur 3A, 101 Reykjavík
Birta Fróðadóttir, Álafossvegur 27, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Arndísar Kristjánsdóttur dags. 21. ágúst 2020 ásamt greinargerð dags. 6. nóvember 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 3A við Brekkustíg sem felst í að gera viðbyggingu á einni hæð aftan við húsið með þaksvölum og setja kvist á götuhlið sem verður spegilmynd núverandi kvists á þakhæð, samkvæmt fyrirspurnaruppdr. Birtu Fróðadóttur arkitekts dags. 5. nóvember 2020.
Vísan til umsagnar verkefnisstjóra.
6. **Reykjavíkurlugvöllur, breyting á deiliskipulagsmörkum, breyting á deiliskipulagi** (01.6) Mál nr. SN200416
Skjalnr. 6767
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Reykjavíkurlugvallar. Í breytingunni felst staðsetning á nýju hliði, breytt afmörkun girðingar og breyting á deiliskipulagsmörkun til samræmis við deiliskipulag Nýja Skerjafjarðar, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 26. júní 2020. Tillagan var auglýst frá 16. september 2020 til og með 28. október 2020. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagður fram tölvupóstur Isavia dags. 11. nóvember 2020 þar sem ekki er gerð athugasemd við breytinguna.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
7. **Laugateigur 28, Hækkun þaks - kvistir** (13.651.03) Mál nr. BN058257
Skjalnr. 14266
Arnar Geir Ómarsson, Laugateigur 28, 105 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. nóvember 2020 þar sem sótt er um leyfi til að hækka þak og setja kvisti á hús á lóð nr. 28 við Laugateig. Erindi fylgir samþykki meðeiganda á lóð, ódagsett. Útskrift úr gerðabók embættis afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. október 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. október 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 20. október 2020. Stækkun: 61,7 ferm., 108,8 rúmm. Gjald kr. 11.200
Vísan til umsagnar verkefnisstjóra.

8. **Laugavegur 46, Stækka verslun 1. hæð -** (11.731.02) Mál nr. BN057908
br.hótelíbúðum fl.2 Sbr. BN053640 Skjalnr. 12063
 641115-0100 S&H Invest ehf., Valhúsabraut 33, 170 Seltjarnarnes
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að stækka verslunarrými á 1. hæð ásamt því að sameina íbúðir efri hæða í eitt fastanúmer og breyta í gististað í flokki II, tegund B fyrir 14 gesti í húsi á lóð nr. 46 við Laugaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
 Erindi fylgir bréf rekstraraðila ódags. Gjald kr. 11.000
Frestað. Umsækjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa.
9. **Fiskislóð 41, Atvinnuhúsnæði -** (10.866.02) Mál nr. BN058108
stálgrindarhús Skjalnr. 14160
 711292-2929 Bílabúð Benna ehf., Krókhálsi 9, 110 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. október 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús fyrir dekkjaverkstæði á 1. hæð og óráðstafað rými á 2. hæð í húsi á lóð nr. 41 við Fiskislóð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.
 Erindi fylgir mæliblað Faxaflóahafna dags. maí 2007, hæðablað Faxaflóahafna dags. september 2008, minnisblað Eflu um greinargerð um brunavarnir, útgáfa 001-V02, dags. 10. september 2020, umboð dags. 10. september 2020 og samþykki eiganda dags. 17. september 2020. Einnig brunahönnunarskýrsla 001.V03 dags. 29. september 2020 og brunahönnunarskýrsla útg. 001.V04 dags. 21. október 2020
 Gjald kr. 11.200
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.
10. **Lautarvegur 36, Raðhús** (17.946.09) Mál nr. BN057707
 Skjalnr. 14357
 Friðrik Arilíusson, Grensásvegur 14, 108 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. október 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. október 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja endaraðhús, kjallara og tvær hæðir á lóð nr. 36 við Lautarveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.
 Stærðir: x.xx ferm., x.xx rúmm. Gjald kr. 11.200
Neikvætt. Samræmist ekki deiliskipulagi, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 12. nóvember 2020.
11. **Sólvallagata 70, (fsp) hækkun húss** (01.134.5) Mál nr. SN200692
 Skjalnr. 8174
 Aðalsteinn Jón Bergdal, Suðurbraut 14, 220 Hafnarfjörður
 Lögð fram fyrirspurn Aðalsteins Jóns Bergdal dags. 6. nóvember 2020 um hækkun hússins á lóð nr. 70 við Sólvallagötu um eina hæð.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
12. **Haukdælabraut 116, Breyta erindi** (51.133.02) Mál nr. BN058425
BN044324, húsið verði einangrað að utan í Skjalnr. 14364
stað innan.
 Hallur Arnarsson, Laxakvísl 10, 110 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. nóvember 2020 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN044324 þannig að frágangur útveggja verða einangraðir að utan og klæddir með sléttum álplötum og timbri að hluta, á húsi á lóð nr.

116 við Haukdælbraut. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 2. nóvember 2020 og afrit af teikningum samþ. 22 janúar 2013. Stækkun: 18,2 ferm., 78,5 rúmm. Gjald kr. 11.200

Samþykkt að veita undanþágu frá breytingu á deiliskipulagi með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborga, sbr. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.

13. **Bátavogur 1, Breytt BN057214 - Breyta matshlutum** (14.512.01) Mál nr. BN058423
Skjalnr. 14236

490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. nóvember 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN057214 þannig að íbúðarhúsi verður skipt í tvo matshluta, mhl.01 og mhl.02, rýmismúmer eru uppfærð og núverandi djúpgámagerði skipt upp í tvö aðskilin djúpgámagerði, mhl.03 og mhl.04, á lóð nr. 1 við Bátavog
Erindi fylgir lóðauppráttur dags. 8. maí 2020 og yfirlit breytinga á teikningum dagsettum 28. janúar 2020. Gjald kr. 11.200

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

14. **Gufuneshöfði, framkvæmdaleyfi** (02.2) Mál nr. SN200669
Skjalnr. 12335

530269-7529 Faxaflóahafnir sf., Tryggvagötu 17, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. október 2020 var lögð fram umsókn Faxaflóahafna sf. dags. 27. október 2020 um framkvæmdaleyfi fyrir gerð á aðkomuslóða að innsiglingarmerkinu við Gufuneshöfða. Einnig er lögð fram fornleifaskráning Borgarsögusafns Reykjavíkur á lóð fyrir innsiglingarmerki Gufuneshöfða dags. árið 2019, umsögn Umhverfisstofnunar dags. 24. september 2019, staðfesting Umhverfisstofnunar dags. 18. mars 2020, deiliskipulagsuppr. Kanon arkitekta ehf. dags. 17. mars 2020, afnotaleyfi dags. 9. september 2020 og aðaluppr. Kanon arkitekta dags. 12. ágúst 2020. Jafnframt er lögð fram umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 6. nóvember 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

15. **Úlfarsárdalur, framkvæmdaleyfi** (02.6) Mál nr. SN200673
Skjalnr. 9615

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. október 2020 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 28. október 2020 um framkvæmdaleyfi vegna endurheimt votlendis á gömlum túnnum í Úlfarsárdal. Einnig er lagðir fram upprættir VSÓ ráðgjafar dags. 23. október 2020 og upprætti Verkís dags. 24. ágúst 2018. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.

Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.2 í . gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.

16. **Vogabyggð svæði 1, breyting á deiliskipulagi** (01.45) Mál nr. SN200339
Skjalnr. 13136

Þorsteinn Ingi Garðarsson, Hléskógar 14, 109 Reykjavík
701017-0990 Gelgjutangi ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. október 2020 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 22. október 2020 þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til breytingarinnar fyrr en umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur liggur fyrir um deiliskipulagsbreytinguna hvað varðar viðbrögð við of miklum hávaða frá aðliggjandi iðnaðarsvæði sbr. minnisblaði Eflu dags. 12. mars 2019. Þá telur stofnunin að betur þurfi að gera grein fyrir nokkrum atriðum sbr. bréfi stofnunarinnar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 30. október 2020 og bréfi Teiknistofunnar Traðar dags. dags. 10. nóvember 2020.

Lagt fram.

17. Borgargerði 9, (fsp) breyting á deiliskipulagi (01.823.0)

Mál nr. SN200628
Skjalnr. 11609

590907-1030 GRÍMA ARKITEKTAR ehf., Hlíðarási 4, 221 Hafnarfjörður
Þráinn Arnar Magnússon, Borgargerði 9, 108 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. nóvember 2020 var lögð fram fyrirspurn Grímu arkitekta ehf. dags. 8. október 2020 ásamt bréfi dags. 8. október 2020 um breytingu á deiliskipulagi Sogavegar - Rauðagerðis vegna lóðarinnar nr. 9 við Borgargerði sem felst í færslu og stækkun á byggingarreit fyrir bílskúr, samkvæmt skissu á yfirlitsmynd og mæliblaði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020.

Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. nóvember 2020

18. Bankastræti 3, (fsp) uppbygging (01.170.0)

Mál nr. SN200392
Skjalnr. 10612

500591-2189 Argos ehf, Eyjarslóð 9, 101 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Stefáns Arnar Stefánssonar dags. 19. júní 2020 ásamt greinargerð dags. 18. júní 2020 um uppbyggingu á lóð nr. 3 við Bankastræti, samkvæmt uppdr. Argos ehf. dags. 16. júní 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 9. september 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. október 2020. Jafnframt er lagt fram bréf Herbertsprents ehf. dags. 10. nóvember 2020.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

19. Lækjargata 1, deiliskipulag (01.17)

Mál nr. SN200645
Skjalnr. 14355

510391-2259 Framkvæmdasýsla ríkisins, Borgartúni 7, 105 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. október 2020 var lögð fram umsókn Framkvæmdasýslu ríkisins dags. 14. október 2020 ásamt bréfi dags. 14. október 2020 um nýtt deiliskipulag fyrir lóðina nr. 1 við Lækjargötu, lóð forsætisráðuneytisins og stjórnarráðshússins, vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið fyrir starfsemi forsætisráðuneytisins. Einnig er lögð fram vinningstillaga Kurt og Pí arkitekta frá árinu 2018 og umboð forsætisráðuneytisins dags. 14. október 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til skipulags- og samgönguráðs.

Komi til kynningar er vakin er athygli á að umsækjandi þarf að greiða áður en kynning fer fram, skv. lið 7.2 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.

20. Gefjunarbrunnur 14, Tvíbýlishús (26.954.06)

Mál nr. BN057840
Skjalnr. 14105

441007-1320 Fagmót ehf., Laufbrekku 3, 200 Kópavogur

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. nóvember 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja steinsteyppt tvíbýlishús á lóð nr. 14. við Gefjunarbrunn. Erindi fylgir afrit af hæða- og mæliblaði, afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. júní 2020 og tillaga að breytingum m.t.t. algildrar hönnunar dags. 21. júní 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. september 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. september 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 28. september 2020. Stærðir: 1. hæð: 104,0 ferm., 309,9 rúmm. 2. hæð: 129,2 ferm., 445,7 rúmm. Samtals: 233,2 ferm., 783,3 rúmm. Bílastæði í B-lokun: 34,0 ferm., 101,3 rúmm. Svalir í C-lokun: 7,5, ferm. Gjald kr. 11.200
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

21. **Rökkvatjörn 5-11, breyting á deiliskipulagi** (05.051.4) Mál nr. SN200672
Skjalnr. 14361

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 30. október 2020 var lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 5-11 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að byggingarreitur fyrir fjórar raðhúsaeyningar sem í gildandi deiliskipulagi er 34,60 m x 10 m er breytt þannig að hann verður 34,60 m x 11,60 m, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 22. október 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu fyrir hagsmunaaðilum að Rökkvatjörn 3, 10-16 og Jarpstjörn 16-20.

22. **Samráðsáætlun fyrir Elliðaárvog og Ártúnshöfða,** Mál nr. SN200694
Skjalnr.

Lögð fram samráðsáætlun fyrir Elliðaárvog og Ártúnshöfða dags. í október 2020.
Samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.

Björn Axelsson,

Ágústa Sveinbjörnsdóttir,

Helena Stefánsdóttir

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir.